

Vopnafjarðarhreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík 28. maí 2018
UST201804-321/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 - breytingar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026.

Námur

Í lýsingu kemur fram að Vegagerðin hefur óskað eftir að uppfæra gildandi aðalskipulag varðandi námur. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi sé fjallað um átta námur, sex sem eru í notkun og tvær sem eru frágengnar. Umhverfisstofnun bendir á að fullfrágengnar námur sem ekki stendur til að nýta á skipulagstímabilinu eigi ekki að vera á lista yfir námur, á listanum eiga einungis að vera námur sem nýta á á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lista af námum frá Vegagerðinni.

Fuglaskoðunarhús

Umhverfisstofnun telur fuglaskoðunarhús vera áhugaverðan kost fyrir fuglaskoðara. En þar sem ekki kemur fram í lýsingu hvert umfang húsanna er áætlað, vísar stofnunin nánari umsögn um húsinn og staðsetningu þeirra til umsagnar um skipulagstillöguna.

Aðalstígar

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlun um aðalstíga.

Landbúnaðarsvæði

Í lýsingu kemur fram að að ósk hafi komið frá lögbýli í sveitarfélaginu um að endurskoðaðir verði skilmálar í gildandi aðalskipulagi varðandi heimildir til byggingar




UMHVERFIS
STOFNUN


frístundahúsa og gistihýsa. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi eru tvö frístundahús leyfð á lögbýlum. Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að leyfa fleiri en tvö - þrjú frístundahús á lögbýli án þess að svæðið sé deiliskipulagt. Gistihús og gistihýsi sem eru fleiri en þrjú eru þá skilgreind með landnotkuninni verslun og þjónusta í aðalskipulagi. Varðandi nánari umfjöllun um landnotkun er vísað til Skipulagsstofnunar.

Umhverfisáhrif

Varðandi umhverfismat efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi skýrt fram í skipulagstillögu hve mikil efnistaka er áætluð á hverjum efnistökuastað.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur